



Verulega breyttar neysluvenjur

Covid-19-faraldurinn setti mark sitt á neyslu fólks í fyrra. Innlend verslun var nokkuð mikil, enda fáir sem lögðu leið sína til útlanda. Mest jókst kortavelta Íslendinga í áfengisverslunum og mestur samdráttur varð í kaupum á skipulögðum ferðum ferðaskrifstofa. Í mörgum tilfellum var um tilfærslu á neyslu að ræða.

Við [greindum frá því](#) á dögunum að kortavelta Íslendinga innanlands hefði aukist um 3% milli ára í fyrra miðað við fast verðlag á sama tíma og hún dróst saman um 45% að raunvirði erlendis. Rannsóknarsetur verslunarinnar (RSV) hefur síðan birt sundurliðun á kortaveltunni eftir útgjaldaliðum og þar sést að neyslan tók verulegum breytingum í takt við breyttar aðstæður.


Kaup á ferðalögum drógust mest saman

Mesti samdrátturinn mældist í kaupum á skipulögðum ferðum og annarri þjónustu ferðaskrifstofa sem drógust saman um 68% milli ára. Samdráttur mældist næstmestur í kaupum á menningar-, afþreyingar- og tómstundarstarfsemi (-18%) og því næst í kaupum á snyrti- og heilsutengdri þjónustu (-10%) og veitingaþjónustu (-10%). Snyrtistofum var óheimilt að starfa hluta ársins og kemur samdráttur því ekki á óvart þar og veitingastaðir sættu takmörkunum varðandi opnunartíma og fjölda gesta sem dró úr neyslu fólks þar.

Minni eldsneytiskaup

Íslendingar fóru lítið til útlanda í fyrra og nýttu sumarið til ferðalaga innanlands þess í stað. Þrátt fyrir það drógust eldsneytiskaup Íslendinga saman um 4% milli ára miðað við fast eldsneytisverð. Það gæti verið sökum þess að bílar sem ganga fyrir vistvænni orku eru orðnir sífellt algengari. Í fyrra voru nýskráðir yfir 6.000 bílar sem ganga fyrir öðru en eingöngu bensíni eða dísel sem er aukning upp á tæp 50% milli ára. Það kallar auðvitað á minni eldsneytiskaup. Auk þess unnu margir heima við stóran hluta ársins og þurftu því ekki að keyra til vinnu alla daga sem sparar einnig eldsneytiskaup. Það sést nokkuð greinilega á þróun eldsneytiskaupa

Þróun í innlendri neyslu milli 2019 og 2020



Velta raunvirt með viðeigandi undirlíð VNV. Heimild: RSV, Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans



eftir mánuðum þar sem hún dróst saman um 25% milli ára í apríl og svo aftur 14% í nóvember þegar bylgjur veirufaraldursins stóðu sem hæst.

Neysla jókst í áfengisverslunum

Kortavelta í áfengisverslunum jókst mest allra útgjaldaliða, um 36% milli ára, miðað við fast áfengisverð. Það er eflaust að miklu leyti tilfærsla á neyslu sem hefði farið fram á veitingastöðum eða komið fram sem tollfrjáls verslun í Leifsstöð í eðlilegu árferði.

Íslendingar keyptu 32% meira í raf- og heimilistækjaverslunum sem gæti m.a. verið afleiðing þess að margir þurftu að koma sér upp vinnuaðstöðu heima fyrir. Kaup á gistiþjónustu jukust einnig nokkuð meðal Íslendinga sem er að líkindum tilfærsla á gistinóttum sem annars hefðu farið fram erlendis. Margir nýttu einnig tímann í faraldrinum til þess að dytta að húsnæðinu og jukust kaup í byggingavöruverslunum því um 22%.


Það má þannig rekja nær allar breytingar á neyslu einstakra liða til faraldursins. Í mörgum tilfellum er um tilfærslu á neyslu að ræða sem hefði annars farið fram erlendis eða á þjónustustað sem var lokaður að hluta eða öllu leyti.

Smásala jókst

Velta samkvæmt VSK-skýrslum gefur svo til kynna hvernig tekjur verslana breyttust við þessa breyttu neyslu Íslendinga. Á fyrstu 10 mánuðum ársins jókst velta smásöluverslana alls um 5% milli ára miðað við fast verðlag. Þróun eftir uppgjörstímabilum sýnir okkur að aukningin varð hlutfallslega mest í september og október þegar þriðja bylgja faraldursins stóð sem hæst. Velta í stórmörkuðum og matvöruverslunum virðist nokkuð lituð af bylgjum faraldursins og jókst þannig mest um 10% milli ára í mars og apríl og svo aftur um sama hlutfall í september og október. Sala á ýmissi byggingarvöru í sérverslunum jókst um 19% milli ára miðað við fast verðlag í september og október sem er nokkuð meiri aukning en í smásölu almennt og bendir til þess að mörg heimili hafi hlotið ágætis endurbætur um haustið.


Það verður fróðlegt að sjá hver þróunin verður í neysluvenjum fólks á árinu 2021. Gera má ráð fyrir nokkuð svipaðri stöðu meðan faraldurinn er enn við lýði en svo er viðbúið að í það minnsta einhver

Mánaðarleg þróun stærstu útgjaldaliða



Velta raunvirt með viðeigandi undirlitð VNV. Heimild: RSV, Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

Velta í smásölu



Velta eftiruppgjörstímabilum samkvæmt VSK-skýrslum raunvirt með VNV án húsnæðis. Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans



neysla fari aftur í sama farið með fjölgun
utanlandsferða og auknu frelsi innanlands.

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.